



## **Þrír fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði Háskóla Íslands**

**til tveggja ára frá 1. júlí 2012 að telja**

### **Auglýst eftir framboðum eða ábendingum**

Í 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 er kveðið á um skipan háskólaráðs í háskóla þar sem eru fleiri en 5.000 nemendur. Þar kemur fram að auk rektors eigi sæti í ráðinu tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn:

1. Þrír fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólafundi [háskólaþingi í HÍ].
2. Tveir fulltrúar tilnefndir af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Tveir fulltrúar tilnefndir af mennta- og menningarmálaráðherra.
4. Þrír fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er kveðið á um hvernig staðið er að tilnefningu og kjöri fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands. Tilnefning fulltrúanna þriggja og þriggja varamanna fer fram á háskólaþingi miðvikudaginn 18. apríl nk.

**Í samræmi við reglurnar er hér með lýst eftir framboðum og/eða ábendingum um fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð til tveggja ára frá 1. júlí 2012 að telja.**

Sá sem valinn er sem fulltrúi háskólasamfélagsins í háskólaráð skal vera akademískur starfsmaður Háskóla Íslands í fullu starfi (a.m.k. 75% starfshlutfalli), en þó hvorki forseti fræðasviðs, deildarforseti, né varadeildarforseti. Skulu upplýsingar um starfsvettvang og stutt lýsing starfsferils (hámark ein A4 síða) liggja fyrir háskólaþingi, þannig að ljóst sé á hvaða fræðasviði innan skólans þeir starfa, sem valið stendur á milli. Enn fremur skal liggja fyrir að þeir sem bent er á eða bjóða sig fram séu reiðubúnir að taka tilnefningu þar sem hún er bindandi.

**Skulu ábendingar/framboð ásamt framangreindum upplýsingum berast skrifstofu rektors í rafrænu formi (mb@hi.is) eigi síðar en um hádegi þriðjudaginn 10. apríl nk.**

Með ábendingar/framboð er farið sem tillögur til ályktana háskólaþings og verða þær sendar út með fundarboði, minnst viku fyrir háskólaþing.